Evrópska Efnahagssvæðið (EES) – 2012 og fyrr

Allt frá því að samningaviðræðurnar um EES-samninginn hófust, hefur verið unnið ötullega að Evrópumálum á vettvangi ASÍ. ASÍ hefur tekið mjög virkan þátt í Evrópu-samstarfi verkalýðshreyfingarinnar á þessum tíma. Það gildir jafnt um norræna samstarfið sem fyrst og fremst beinist að Evrópu og samstarfið innan Evrópusambands verkalýðsfélaga (ETUC).

Á grundvelli EES-samningsins hefur ASÍ öðlast betri stöðu en ella innan ETUC og þannig komist í innsta hring. ASÍ hefur átt aðild að evrópsku vinnumarkaðsviðræðunum og tekið þátt í öllum samningum um réttarbætur í félags- og vinnumarkaðsmálum sem hafa verið gerðir milli ETUC og Evrópusamtaka atvinnurekenda. ESB hefur síðan breytt þessum samningum í löggjöf sem gildir fyrir allt EES-svæðið. Að þessu leyti hefur ASÍ komist mun lengra inn í löggjafarstarf á vettvangi EES en íslensk stjórnvöld. Í farvatninu hafa verið samskonar samningsmöguleikar fyrir evrópsk starfsgreinasamtök. Mörg aðildarsamtaka ASÍ eiga aðild að Evrópusamtökum og því möguleika á aðild að slíkum samningum.

EES-samningurinn hefur að mati ASÍ gagnast Íslandi vel frá því að hann tók gildi í upphafi ársins 1994. Hann var umdeildur í upphafi og margir höfðu áhyggjur af þróun mála, einkum ýmsu sem sneri að vinnumarkaðnum. Fljótlega kom í ljós að þessar áhyggjur voru ekki með öllu óþarfar. Við því hefur ASÍ brugðist m.a. með samningum við SA um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, öflugu vinnustaðaeftirliti og virkni innan Vinnueftirlits og Vinnumálastofnunar. Það virðist vera nokkuð samdóma álit þjóðarinnar að EES-samstarfið hafi verið til hagsbóta og hafi nýst íslensku atvinnulífi vel til sóknar. Innan ASÍ er almennt talið að EES-samningurinn hafi fært launafólki ýmsar réttarbætur og að aðildin hafi þannig skilað jákvæðum árangri.

Þrátt fyrir ágæti EES-samningsins er hann greinilega orðinn mun veikari en áður var. Áherslur ESB hafa færst í aðrar áttir og þekking stjórnmála- og embættismanna innan ESB á samningnum hefur minnkað mikið. Því er orðið sífellt erfiðara fyrir EFTA-ríkin að ná fram þeim réttindum sem samningurinn gefur. Það gildir einnig um vinnumarkaðinn. EES-samningurinn hefur skipt miklu máli fyrir íslenskt atvinnulíf og miklu skiptir að veikari staða hans hafi ekki neikvæð áhrif á atvinnulíf hér á landi, t.d. að fyrirtæki flytji héðan til þess að komast betur inn á innri markaðinn. Í þessu sambandi má þó ekki gleyma áhrifum Evrunnar sem hefur valdið að íslensk fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni færi starfsemi sína að hluta inn á evrusvæðið og geri starfsemi sína upp í Evrum.

Í skýrslu utanríkisráðherra sem lögð var fram vorið 2000 er fjallað ítarlega um stöðu EES-samningsins. Segja má að þar komi fram sambærilegar áhyggjur um stöðu hans og verið hafa uppi innan ASÍ. Þátttaka Íslands sem fullvalda þjóðar í ákvarðanatöku á vettvangi EES hefur aldrei verið mikil vegna þess að við höfum orðið að yfirtaka þá löggjöf sem ákveðin er af öðrum. Veikari EES-samningur og þar með lakari kjör fyrir okkur hljóta að kalla á spurningar um hvernig að haga eigi viðbrögðum. Þessi sjónarmið eru í fullu gildi.

Nokkur umræða hefur verið um möguleika á því að Ísland geri tvíhliða samning við ESB í stað EES-samningsins. ASÍ hefur lagst alfarið gegn slíkum hugmyndum

og telur þær óraunhæfar. Hugmyndir af þessu tagi byggjast á því að Evrópusamstarfið snúist einungis um viðskipti. Að mati ASÍ snýst Evrópusamstarfið um nær allt okkar þjóðlíf. Þar má nefna málaflokka eins og félags- og vinnumarkaðsmál, neytendamál, menntamál, rannsóknir og þróun auk umhverfismála sem yrðu út undan í tvíhliða viðskiptasamningi. Það er augljóst að samtök eins og ASÍ hafa fengið betri sess en ella í Evrópusamstarfinu vegna aðildar Íslands að EES. Afturhvarf til tvíhliða samnings yrði stórt skref aftur á bak í Evrópusamstarfinu hvað áhrif ASÍ varðar.

Verkefni og markmið hvað EES samninginn varðar eru af ýmsum toga. M.a. að vinna að því að treysta réttindi og kjör launafólks á íslenskum vinnumarkaði og að sköpuð verði nauðsynleg skilyrði fyrir góðri framkvæmd sameiginlegs evrópsks vinnumarkaðar hér á landi, án hættu á mismunun og félagslegum undirboðum. Til að ná þessu markmiði hefur ASÍ gengið fast eftir því að stjórnvöld og atvinnurekendur tryggi að erlendir starfsmenn hér á landi njóti þeirra kjara og réttinda sem gilda á vinnumarkaðinum og að þeim verði gert mögulegt að aðlagast íslensku samfélagi. Mikilvægt er að ASÍ sé virkur aðili að samstarfi Evrópuríkja á vettvangi Dyflinarstofnunarinnar um rannsóknir og samanburð á vinnumarkaði og lífskjörum í Evrópu. Jafnframt er mikilvægt að ASÍ vinni að því að verðlag á lífsnauðsynjum verði sambærilegt við það sem annars staðar gerist í Evrópu. Öflugt samstarf og viðræður við stjórnvöld og samtök atvinnurekenda um aukið hlutverk og ábyrgð aðila vinnumarkaðarins er nauðsynlegt við að þróa frekar íslenskan vinnumarkað sem byggi á traustum réttindum launafólks og sveigjanleika sem gagnist bæði launafólki og fyrirtækjum.

Það var og er sífellt viðfangsefni ASÍ að leggja mat á kosti og galla þess hvort ná eigi framangreindum markmiðum með frekari þróun EES samningsins, eða umsókn um aðild að ESB. Eins og fyrr segir hefur ASÍ talið útilokað að hægt sé að ná þessum markmiðum með tvíhliða viðskiptasamningi án félagslegra ákvæða.